

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 25/2002

frá 1. mars 2002

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2001 frá 19. júní 2001⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1638/2001 frá 24. júlí 2001 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2597/95 um að aðildarríki sem stunda fiskveiðar á tilteknum svæðum utan Norður-Atlantshafs leggi fram aflskýrslur⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 25c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2597/95) í XXI. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 R 1638:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1638/2001 frá 24. júlí 2001 (Stjtið. EB L 222, 17.8.2001, bls. 29).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 1638/2001 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 238, 6.9.2001, bls. 39 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 222, 17.8.2001, bls. 29.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. mars 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 1. mars 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.